

Akstursþjónusta eldri borgara hefur það að markmiði að gera íbúum kleift að búa heima sem lengst við sem eðlilegast aðstæður. Sérútbúnir bílar eru notaðir í ferðaþjónustunni til að geta ekið fólki sem notar hjólastóla. Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um akstursþjónustu eldri borgara, sjá www.kopavogur.is

Hverjir eiga rétt?

Akstursþjónusta eldri borgara er fyrir þá sem eru orðnir 67 ára, sem búa í heimahúsi, hafa ekki aðgang að eigin farartæki og eru ófærir um að nota almenningsamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar. Lögblindir geta sótt um að ferðast með leigubílum skv. samningi Kópavogsbæjar og Blindrafélagsins.

Hvernig er sótt um?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega eða á rafrænu formi til velferðarsviðs. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs, Fannborg 6 eða á rafrænu formi í gegn um Mínar síður á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum eða talsmanni. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða vottorð frá öðrum fagaðilum þar sem staðfest er fötlun og skortur á getu viðkomandi til að ferðast með almenningsvögnum. Í umsókn þurfa að koma fram ástæður fyrir umsókn, svo og óskir um fjölda ferða.

Hve mikla ferðaþjónustu er hægt að fá?

Heildarfjöldi ferða er að hámarki 16 ferðir á mánuði. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fleiri ferðir til að sækja lækni meðferð eða endurhæfingu á endurhæfingarstofnun í allt að þrjá mánuði á ári. Jafnframt er heimilt að veita akstur í dagvist aldraða utan bæjarfélagsins og í félagsstarf.

Umsóknir eru teknar fyrir á deildarfundum þjónustudeildar fatlaðra að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist. Endurnýja þarf umsókn um hver áramót.

Hvernig er greitt fyrir ferðaþjónustu?

Gjaldtaka fyrir hverja ferð er 500 kr. Fari ferðafjöldi yfir 16 ferðir í mánuði greiðast 1.000 kr. fyrir hverja ferð. Gjaldskrá með leigubíl miðast við fullt fargjald. Ef kostnaður á ferð með leigubíl fer umfram 6.595 kr. er gjaldið eftirfarandi:

Kostnaður ferðar frá 6.595 – 8.599* kr., kostnaður notenda kr. 920*
Kostnaður ferðar frá 8.596 – 10.600* kr., kostnaður notenda kr. 1.410*
Verð eru sett fram með fyrirvara um breytingar í gjaldskrá

Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Akstursaðilar hafa umsjón með daglegri framkvæmd þjónustunnar. Notendum er bent á að snúa sér til akstursaðila eða ráðgjafa í þjónustu- og ráðgjafadeild fatlaðs fólks til að fá upplýsingar um mál sem tengjast ferðaþjónustunni eða til að koma á framfæri ábendingum og/eða kvörtunum.

Ráðgjöf:

Dagný Haraldsdóttir: dagnyh@kopavogur.is

Guðlaug Ósk Gísladóttir er yfirmaður þjónustu- og ráðgjafadeildar deildar fatlaðra: guðlaugo@kopavogur.is

[Hægt er að hafa samband við þjónustuborð í síma 441-0000 alla daga.](#)

Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í þjónustuveri Kópavogsbæjar, og ráðgjafi mun hafa samband.